



Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.

Reykjavík, 28. febrúar 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
c/o nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent undirrituðum minnisblað viðskiptaráðuneytisins varðandi ábendingar umsagnaraðila um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti. Í því sambandi viljum við koma á framfæri eftirfarandi:

Í minnisblaði viðskiptaráðuneytisins segir:

- A. „...Var það samdóma álit nefndarinnar að hugtakið fjármálagerningur skyldi vera sem víðtækast. Þannig skyldi það ná yfir allar þær afurðir verðbréfamarkaðar sem væru andlag viðskipta hér á landi nú, þannig að ákvæði frumvarpsins um réttindi og skyldur myndu eiga við um öll viðskipti á verðbréfamarkaði”. [Undirstrikun okkar]
- B. „...Einnig er bent á í þessu sambandi að hugtakið verðbréf skv. gildandi verðbréfavíðskiptalögum nr. 13/1996 tekur m.a. til framvirkra óframseljanlegra gjaldeyrissamninga. Því er ekki gert ráð fyrir breytingu á gildandi rétti hvað þetta atriði varðar.“

Ábendingar okkar eru:

1. Varðandi lið A hér að ofan þá virðist, hvað varðar hugtakið fjármálagerninga, gæta misskilnings um gjaldeyrsvíðskipti og gjaldeyrismarkaði hjá nefnd þeirri sem samdi frumvarpið. Gjaldyrsvíðskipti eru ekki verðbréfavíðskipti þar sem gjaldyrir er ekki verðbréf heldur peningar eða gjaldmiðlar mismunandi ríkja. Víðskipti með gjaldyrri eiga sér því stað á gjaldeyrismarkaði en ekki á verðbréfamarkaði.

Þar sem ætlun nefndarinnar var að ná yfir allar afurðir verðbréfamarkaðar (en ekki gjaldeyrismarkaðar) er eðlilegt að undanskilja óframseljanlega framvirka gjaldeyrissamninga enda eru þeir ekki verðbréf eins og vikið er að hér að neðan og þeirra er ekki getið í tilskipun ráðsins 93/22/EBE.

2. Varðandi lið B hér að ofan þá er verðbréf skilgreint með eftirfarandi hætti samkvæmt gildandi lögum um verðbréfavíðskipti nr. 13/1996. Í 2. gr. 3. tl. laganna segir:

„a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.“

Augljóst er að gjaldeyrir fellur ekki undir þessa skilgreiningu. Gjaldreyrir er peningar en ekki verðbréf. Gjaldreyrir fellur ekki undir staflíð a. og því heldur ekki undir líð b.

Óframseljanlegir framvirkir gjaldreyrissamningar falla heldur ekki undir líð a. þar sem þeir eru skv. skilgreiningu óframseljanlegir og þaðan af síður undir líð b. þar sem þeir eru ekki grundvallaðir á verðbréfi heldur gjaldreyri.

Af framangreindu leiðir að fullyrðing viðskiptaráðuneytisins um að lagafrumvarpið feli ekki í sér breytingu á gildandi rétti um óframseljanlega framvirka gjaldreyrissamninga er röng. Lagafrumvarpið gengur einnig mun lengra en tilskipun ráðsins 93/22/EBE í þessum efnum og er í þversögn við röksemdir ráðuneytisins og nefndarinnar sem samdi frumvarpið. Um úrbætur vísun við til fyrri umsagnar okkar dags. 20/11 2002.

Virðingarfyllst,
f.h. Ráðgjöf og efnahagsspár ehf.

Yngvi Harðarson, M.A. Sverrir Sverrisson, Ph.D.

